

Keppnisferð til Boston US, 12. – 17. febrúar 2014

Fjögur keppnispör frá DÍK þáðu boð um að fara á danskeppni í Boston í Bandaríkjunum í febrúar 2014. Keppnin sem heitir **The Eastern U.S. Dancesport Championships** er haldin einu sinni á ári og að þessu sinni á the Renaissance Boston Waterfront Hotel í Boston. Aðstandendur keppinnar eru þau Mark og Dawna Nocera og Bill Morganti.

Hópurinn, alls 15 manns, var sóttur á flugvöllinn og var farið með okkur heim til Mark og Dawna sem buðu upp á gistingu heima hjá sér fyrstu nóttina fyrir allan hópinn. Mark, Dawna og dætur þeirra tvær eiga virkilegar þakkir skyldar fyrir frábæra gestrisni og góðar móttökur. Alveg yndisleg fjölskylda.



Hluti af hópnum í góðum göngutúr í bænum Nahant þar sem Mark og Dawna búa.




Daginn eftir fengum við svo tvær risa stórar svitur auk aðliggjandi herbergja á Renaissance hótelinu. Frábært að geta gist á sama hóteli og keppnin var haldin. Það er ekki hægt að segja annað en að það var tekið á móti íslenska hópnum eins og um stórstjórnur væri að ræða.

Keppnin stóð yfir í 3 daga, frá föstudegi til sunnudags og tóku íslensku keppendurnir þátt í nokkrum keppnum auk þess sem haldin var landa keppni í fyrsta skipti á milli US og Íslands.

Slæmt veður setti svip sinn á keppnina og hafði áhrif á þátttakendafjölda þar sem snjóstormur olli því að ófært var innan Bandaríkjanna.

Það er gaman að segja frá því að núverandi heimsmeistarar í Ballroom dönsum Arunas og Kausha voru með frábæra danssýningu á laugardagskvöldinu. Stórkostlega flott þar og upplifun að sjá þau dansa.

Öll pörin í hópnum tóku einkatíma hjá þeim en Mark sá til þess að okkar krakkar fengu forgang í þá tíma sem þau buðu uppá þessa helgi.



Landakeppnin

Ein mest spennandi keppnin þessa helgina var landakeppni á milli US og Íslands á laugardagskvöldinu.




Ísland vann keppnina en þetta var í fyrsta sinn sem slík landakeppni er haldin. Mikið var lagt í að auglýsa viðburðinn og mikill fjöldi áhorfenda var í salnum. Ég vil benda á stóra og flotta grein eftir Dasha Sushko um landakeppnina sem birtist í tímaritinu [DanceBeat bann 15. mars 2014](#). Þar er þessari keppni gerð góð skil og íslensku þörunum hælt í bak og fyrir. Greinin endar svo á þessum orðum: „*The winners of the first annual International Team Match at the Eastern DanceSport Championship was.... The Nation of Fire & Ice, Team Iceland! It was a pleasure to have the Icelandic Team travel this far and win this great match*“.

Við megum svo sannarlega vera stolt af íslensku þörunum sem komu, sáu og sigruðu ☺

Öll þörin stóðu sig mjög vel og voru landi og þjóð til mikils sóma. Þau náðu flottum árangri og komu heim með bikara og peningaverðlaun.

Skemmtileg ferð umfram allt

Þetta var frábær og rosalega skemmtileg ferð í alla staði. Góður og samrýmdur hópur sem skemmti sér konunglega. Mikið hlegið og mikið gaman. Auk þess var virkilega skemmtilegt að breyta til og fara í keppnisferð til Bandaríkjanna. Mark og Dawna voru einstakir gestgjafar og einkatímarnir hjá heimsmeisturinum snilldin ein. Ég held það sé engin spurning að hópurinn getur vel hugsað sér að endurtaka leikinn að ári.



Sólrún Viðarsdóttir, dansmamma

Upplýsingar um Mark og Dawna: <http://www.easterndancesport.com/about/staff/nocera.html>

Heimasíða keppinnar: <http://www.easterndancesport.com/index.html>

Úrslit keppinnar: <http://o2cm.com/Results/event3.asp?event=edc14>

Myndir frá keppninni

Þorkell og Denise



Birkir og Rakel



Höskuldur og Margrét



Rúnar og Katrín



Krakkarnir í ferðinni:

Denise, Margrét, Rúnar, Þorkell, Rakel, Höskuldur, Birkir og Katrín



Fullorðna fólk í ferðinni:

Jói, María, Perla, Eyrún, Sólrún og Margrét (Kristínu vantar á myndina)

